

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ásgerðar Valdi- 23
marsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 9. febr.
1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ásgerðar Valdimarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásgerðar Valdimarsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum fjölmargra vina og vandamanna, til minningar um Ásgerði, dóttur hjónanna Valdimars Pálssonar og Guðrúnar Jónasdóttur að Möðruvöllum, fædd 16. maí 1914, dáin 6. desember 1926.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja fátæk börn í Saurbæjarhreppi með jólagjöfum um ár hvert.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 921 — níu hundruð tuttugu og ein — króna. Sjóðinn má lána út gegn tryggu fasteignaveði og skulu bændur í Saurbæjarhreppi hafa forgangsrétt að þeim lánum. Það af sjóðnum, sem ekki er þannig í lánum, skal jafnan ávaxta í banka, sparisjóði, innlánsdeild eða auðseldum verðbréfum, eftir því sem stjórnarnefnd telur best við eiga.

5. gr.

Við höfuðstól skal leggja hálfa vexti unz sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Frá 10000.00—20000.00 ber að leggja $\frac{1}{3}$ vaxta við höfuðstól og eftir það $\frac{1}{4}$ vaxta. Hinum hluta vaxtanna ber að úthluta samkvæmt 3. gr., með þeirri undantekningu, sem ræðir um í 7. gr.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd, og skal kosning fram fara á vorhreppaskilum, til 4 ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, sér um útlán og innheimtu skulda, og ákveður hve mörg börn verða jólagjafanna aðnjótandi í hvert skipti, og á hvern hátt þær verða úti látnar. Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðast af hvers árs vöxtum sjóðsins. Reikningsárið er almanaksárið. Fyrir janúarmánaðarlok ár hvert skal senda sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu reikninginn, sem lætur rannsaka hann og leiðrétta, ef með þarf. Skal birta reikninginn á þann hátt, er sýslunefnd ákveður.

8. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Saurbæjarþinghá.

9. gr.

Tilgangi skipulagsskrár þessarar má aldrei breyta. Óskað er eftir staðfestingu forseta Íslands á henni.

Saurbæjarhreppi, 16. maí 1947.